



Reykjavík, 28. apríl 2022

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Efni: Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um tillögu velferðarráðs um breytingar á Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð tekur undir það að sjóðurinn sem slíkur og fyrirkomulag úthlutunar hefur týnst í ferlum stjórnsýslunnar á sl. árum. Helst er hægt að nefna tvær ástæður:

1. Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar

Forvarnarstefnan rann saman við lýðheilsustefnu borgarinnar og varð að áherslu í stefnunni.

2. Íbúaráðin

Umsóknir í forvarnarsjóðinn hafa haft litla sem enga tengingu við hverfin sem slík og oft hefur verið ansi langsótt að um forvarnarstarf sé að ræða.

Varðandi tillögu velferðarráðs og útfærslu 2 í minnisblaðinu telur ráðið það varhugavert að sameina Forvarnarsjóðinn styrkjum velferðarráðs undir borgarstjósstyrkjum. Þessir eyrnamerku fjármunir til forvarnarverkefna munu mögulega glatast inn í þessu stóra mengi.

Ráðið leggur því til eftirfarandi útfærslu á fornavarnarsjóði Reykjavíkur:

Tillaga

Hér er lagt til að Forvarnarsjóður Reykjavíkurborgar haldi áfram en í breyttri mynd og verði hýstur undir formerkjum verkefnisins Betri borg fyrir börn hjá velferðarsviði. Verkefni sjóðsins taki mið af samþykktri tillögu skóla- og frístundaráðs, um áfallaáætlun og stuðning við börn, sbr. 3. lið fundargerðar skóla- og frístundaráðs frá 22. febrúar s.l. Skipuð verði þriggja manna úthlutunarnefnd fyrir sjóðinn sem mun einnig móta endurskoðaða stefnu og samþykktir fyrir sjóðinn.

Greinagerð:

Sífelld fleiri rannsóknir sýna að sterk tengsl eru á milli fjölda áfalla í æsku og geðheilsuvanda, heilsubreysts og skertrar getu til að takast á við áskoranir daglegs lífs á fullorðinsárum. Það er því mikilvægt að styðja við börn sem verða fyrir áföllum og koma í veg fyrir áföll þar sem því er við komið.

Talið er að um og yfir 60 prósent barna upplifi einhvers konar áfall eða áföll frá 0 til 18 ára aldurs. 22 prósent upplifa eitt áfall. 21 prósent upplifa 2-3 áföll og svo eru 17 prósent sem upplifa fjögur áföll eða fleiri.

Dæmi um áföll, sorg eða viðvarandi andlegt álag sem börn upplifa:

- Andlát, alvarleg veikindi eða slys í fjölskyldu
- Vanræksla og öryggisleysi á heimili
- Skilnaður foreldra og erfið samskipti í kjölfarið
- Kynferðisofbeldi
- Einelti í skóla og/eða tómstundarstarfi
- Heimilisofbeldi - andlegt og líkamlegt
- Geð- og fíknivandi á heimili

Þá er mikilvægt að hafa í huga að barn upplifir andlát eða slys á gæludýri oft sem áfall og sýnir sterk sorgarviðbrögð.

Aukin fræðsla um einkenni áfalla, áfallastreitu og sorgar barna er einnig mikilvæg til lengri tíma lítið.

Það þarf að endurskoða og endurskilgreina hugtakið forvarnir. Nú til taks er orðfærið orðið mun fjölbreytt og víðtækara þegar rætt er um aðgerðir að þessum toga.

Nokkur dæmi:

- Skaðaminnkun
- Fyrirbyggjandi aðgerðir
- Snemmtæk íhlutun
- Snemmtæk inngrip

Mikilvægt er að líta til snemmtæktrar íhlutunar þegar það kemur að því að grípa inn í hóp barna sem búa við óviðunandi aðstæður. Allar rannsóknir benda okkur á að manneskjur sem eiga áfallasögu aftur í barnæsku eru líklegri til að búa við slæma geðheilsu seinna meir, eiga í fíknivanda og vera ekki í samfélagslegri virkni. Það leiðir af sér slæma lýðheilsu. Það er því mikilvægt að hlúa að þessum hópi með snemmtækri íhlutun og auknu aðgengi að faglegri handleiðslu við úrvinnslu áfallanna. Þetta er ein birtingarmynd skaðaminnkunar.

Forvarnarsjóður Reykjavíkurborgar í breyttri mynd ætti að leggja áherslu á að styðja við að auka verklag og aðgengi sem miðar að þessu.